

**1033. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 8. október 2018
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Ársfjórðungsskil Q2 2018 - 2018090085

Lagt er fram til kynningar uppgjör Ísafjarðarbæjar fyrir annan ársfjórðung 2018 sem var sent Hagstofu Íslands 22. ágúst síðastliðinn auk minnisblaðs sem var kynnt. Uppgjörið sýnir afgang upp á 44,7 milljónir króna fyrir janúar til júní 2018. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 31,4 milljónir króna.
6 mánaða uppgjör lagt fram til kynningar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:05

2. Mánaðaryfirlit 2018 - 2018060078

Lagt er fram minnisblað Helgu Ásgeirsdóttur, verkefnastjóra á fjármálasviði, dags. 17. ágúst sl., um skatttekjur og laun frá janúar til ágúst 2018. Þar má sjá að útsvarstekjur eru 32 milljón króna yfir áætlun og eru 1.334 milljónir króna fyrir tímabilið. Jöfnunarsjóður er 13,6 milljónum króna yfir áætlun eða 573 milljónir króna. Að lokum er launakostnaður 16,8 milljónum króna yfir áætlun en kostnaðurinn nemur 1.676 milljónum króna í lok ágúst 2018.
Lagt fram til kynningar.

3. Viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 6 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar ósk um aukna aðkeypta þjónustu að fjárhæð kr. 2.420.000,- vegna framtíðarskipan skólamála á Flateyri. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan aðalsjóðs, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.
Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

4. Viðauki 7 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 7 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar fjölgun á stöðugildum á Flateyri vegna fjölgunar barna í framhaldi af móttöku flóttamanna í mars 2018. Einnig er lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra skóla- og tómstundarsviðs, dagsett 13. febrúar sl., þar sem óskað var eftir heimild til að fjölga stöðugildum en það minnisblað fór fyrir 1010. fund bæjarráðs 19. mars sl. og var bæjarstjóra falið að gera viðauka. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan málaflokksins, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

5. Viðauki 8 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 8 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar aukningu á framlögum til HSV í samræmi við samstarfssamning. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan aðalsjóðs, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

6. Viðauki 9 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 9 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar aukið stöðugildi á Eyrarskjóli í samræmi við minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa, sem lagt var fyrir 1009. fund bæjarráðs þann 12. mars sl. og var þá bæjarstjóra falið að undirbúa viðauka. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan aðalsjóðs, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

7. Viðauki 10 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 10 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar aukna fjárveitingu vegna viðhalds á íbúðum Ísafjarðarbæjar á Hlíf 1. Lagt fram minnisblað frá Sædísí M. Jónatansdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu, dagsett 5. október sl., en áður var lagt fram minnisblað frá Margréti Geirsdóttur, dagsett 4. september sl., á 1029. fundi bæjarráðs þann 10. september síðastliðinn og var þá bæjarstjóra falið að kanna hvort beiðnin rúmist innan fjárheimilda ársins. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu milli velferðarsviðs og þjónustuíbúða, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

8. Viðauki 11 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 11 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar kaup á skjalaskápum fyrir grunnskóla, leikskóla og íþróttamiðstöðvar til að uppfylla lagaskyldu um verndun viðkvæmra persónuupplýsinga. Jafnframt mun kostnaður vegna jafnlaunavottunar og aðkeypt þjónusta vegna ársreikningagerðar verða meiri en áætlað var. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu innan aðalsjóðs,

áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

9. Viðauki 12 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 12 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar aukinn kostnað við snjómokstur um 25 milljónir króna, aukinn kostnað við holræsi fráveitu um 21 milljón króna, aukinn kostnað vegna díoxímengunar í Funa 21,5 milljón króna og aukins lögfræðikostnaðar tæknideildar vegna OV mála. Þessum kostnaði er mætt með tilfæringu milli málaflokka, áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu Ísafjarðarbæjar eru því 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki viðaukann.

Edda María Hagalín yfirgefur fundinn kl. 8:47.

10. Tungumálatöfrar, sumarskóli fyrir fjöltyngd börn - 2017050109

Lagt fram bréf Önnu Hildar Hildibrandsdóttur, Matthildar Helgadóttur Jónudóttur og Vaidu Braziunaite, forsvarsmanna Tungumálatöfra, dagsett 3. október sl., þar sem óskað er eftir 750.000 kr. fjárframlagi vegna verkefnisins á árinu 2019.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa afgreiðslu beiðnarinnar og vísa til fjárhagsáætlunar 2019.

11. Against the current - styrkbeiðni - 2018090092

Lagður fram tölvupóstur Veigu Grétarsdóttur, dagsettur 28. september sl., þar sem óskað er eftir stuðningi Ísafjarðarbæjar við verkefnið Against the current. Veiga hyggst róa á kajak í kring um Ísland og safna fé fyrir Pieta samtökin.

Bæjarráð vísar erindinu til næstu úthlutunar styrkja til menningarmála í atvinnu- og menningarmálanefnd.

12. 70 ára afmæli Tónlistarskóla Ísafjarðar - 2018100019

Umræður um 70 ára afmæli Tónlistarskóla Ísafjarðar og afmælisgjöf í tilefni þess.

Bæjarstjóra falið að færa Tónlistarskóla Ísafjarðar afmælisgjöf í tilefni 70 ára afmælisins í samræmi við umræður á fundinum.

13. Ærslabelgur á Eyrartúni - 2017010043

Lagt fram bréf Gylfa Sigurðssonar, íbúa við Túngötu 5 á Ísafirði, dagsett 4. október sl., með athugasemdum vegna ærslabelgs á Eyrartúni.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulag- og mannvirkjanefndar.

14. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 28.

september sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál. Umsagnarfrestur er til 26. október nk.

Bæjarráð vísar frumvarpinu til umsagnar í velferðarnefnd.

15. Frumvörp til breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 2018020003

Lagður er fram tölvupóstur Bryndísar Gunnlaugasdóttur, lögfræðings hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. október sl., þar sem bent er á frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem er til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sem og drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum frá velferðarráðuneytinu vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsagnir að frumvörpunum fyrir Ísafjarðarbæ.

16. Aldrei fór ég suður - ýmis málefni hátíðarinnar - 2018090087

Fulltrúar tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður mæta til fundar bæjarráðs til að ræða málefni hátíðarinnar, s.s. möguleika á framlengingu stuðsamnings, viðburði í kring um hátíðina og húsnæðismál.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við rokkstjóra um endurnýjun samnings milli Aldrei fór ég suður og Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Kristján Freyr Halldórsson, rokkstjóri Aldrei fór ég suður - 09:06

Örn Guðmundsson, stjórnarformaður Aldrei fór ég suður - 09:06

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, stjórnarmaður Aldrei fór ég suður - 09:06

Kristján, Örn og Hálf dán yfirgefa fundinn kl. 9:32.

17. 5 ára framkvæmdaáætlun - Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Umræður um 5 ára framkvæmdastefnu Ísafjarðarbæjar.

Bæjarráð ákvað að vísa framkvæmdastefnunni til næsta fundar bæjarráðs.

Gestir

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 09:40

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:40

19. Íþrótt- og tómstundanefnd - 188 - 1810001F

Lögð fram til kynningar fundargerð 188. fundar íþrótt- og tómstundanefndar.

Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram til kynningar.

19.1 2014030027 - Verkefnalisti íþróttar- og tómstundanevndar

Lagt fram til kynningar.

19.2 2018030083 - Fjárhagsáætlun 2019

Nefndin leggur til við bæjarstjórn minniháttar breytingar á gjaldskrá og felur starfsmanni að leggja fram breytingartillögu í samræmi við umræður á fundinum.

19.3 2016110023 - Endurskoðun íþróttar- og tómstundastefnu haust 2016

Unnið að skipulagi við endurskoðun á íþróttar- og tómstundastefnu Ísafjarðarbæjar.

18. Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis, fundargerð - Málefni hverfisráða 2017-2018 - 2017010043

Lögð er fram til kynningar fundargerð Hverfisráðs Holta-, Tungu- og Seljalandshverfis frá 19. september sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Bæjarstjóri upplýsti hvað það er sem hefur tafið vinnu við leikvöllinn í Tunguhverfi, honum er falið að grípa til viðeigandi aðgerða til að klára verkið eins fljótt og auðið er.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Arna Lára Jónsdóttir

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson